

Ed.

134. Breytingartillögur

[42. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (ÓRG, GTh, DA, GB).

1. Við 1. gr. Í stað „að frádregnum 2.286% gengismun“ í 1. málsg. komi: að frádregnum 2.286% gengismun til 9. nóvember 1981, en þar á eftir 2.136% gengismun.
2. 2. gr., sem er ný grein, hljóði svo (röð greina, sem á eftir koma, breytist til samræmis við það):

Nú ákveður Seðlabanki Íslands að endurgreiða gengisuppfærslu á endurkeyptum afurða- og rekstrarlánnum vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 og skulu þá allt að 29 millj. kr. þeirrar endurgreiðslu, sem kemur á afurðir sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins tekur til, renna til freðfiskdeildar sjóðsins, en afgangurinn skiptist hlutfallslega á aðrar hlutaðeigandi deildir sjóðsins.